



## Stefna og reglur Reykjanesbæjar um greiðslu fatapeninga

### 1. Skuldbinding

- Reykjanesbær er bundinn af kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög fyrir hönd sveitarfélagsins. Reykjanesbær er ekki skuldbundinn af greiðslu fatapeninga umfram ákvæði kjarasamninga, hvorki varðandi upphæðir né ákvæði um starfsstéttir.

### 2. Klæðnaður starfsmanna Reykjanesbæjar

- Meginstefna Reykjanesbæjar er að starfsmenn sinni vinnu þar sem því verður viðkomið í borgaralegum fatnaði. Það er mat sveitarfélagsins að starfsmenn séu sjálfir best til þess fallnir að velja þann fatnað sem mest er viðeigandi og hentar bæði starfsemi og starfsmanninum.
- Stjórnendum stofnana er heimilt að setja viðmið um borgaralegan fatnað sem ætlað er að ýta undir snyrtimennsku og hentar viðkomandi starfsemi.

### 3. Sérstakur einkennisfatnaður og hlífðarfatnaður

- Þar sem störf krefjast sérstaks einkennisfatnaðar leggur Reykjanesbær starfsmönnum til viðeigandi fatnað skv. ákvæðum viðeigandi kjarasamninga.
- Reykjanesbær leggur starfsmönnum til hlífðar- og sýnileikafatnað og persónuhlífar við þau störf sem þarfnast slíks skv. ákvæðum laga og kjarasamninga.

### 4. Störf faglærðra og ófaglærðra á leikskólum

- Störf faglærðra og ófaglærðra starfsmanna á leikskólum sveitarfélagsins njóta umframkjara þar sem sérstaklega reynir á borgaralegan fatnað starfsmanna við umönnun ungra barna á bæði inni- og útisvæðum. Skulu því allir starfsmenn leikskóla, utan leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, fá greidda fatapeninga sem nemur tvöfaldri upphæð sem nefnd er í Kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og VSFK/STFS, greiddir á hverja unna klst.
  - Ákvæði þetta er ekki fordæmisgefandi fyrir aðra starfshópa.

### 5. Útfærsla á greiðslu fatapeninga

- Reykjanesbær hefur það sem meginreglu að þar sem borgarlegs fatnaðar er krafist skal greiða fatapeninga í formi ákveðinnar upphæðar á hverja unna klukkustund sbr. ákvæði Kjarasamninga.
  - Þetta er í anda jafnlaunakerfis Reykjanesbæjar og fylgir ábendingum endurskoðenda um skattalega meðferð greiðslu fatapeninga vegna borgarlegs fatnaðar.

Samþykkt í bæjarráði Reykjanesbæjar 29.12.2022

Kjartan Ma. Kjartan